

15. fundur

Æskulýðs- og íþróttanefnd hélt fund miðvikudaginn 6. október 2004 kl. 17:00 í Ráðhúsinu. Mætt voru Ríkharður Hrafncelsson, formaður, Kristín Rut Helgadóttir, Sigurborg Sturludóttir, Árdís L. Gísladóttir, Dallilja Inga Steinarsdóttir, Guðfinna D. Arnórsdóttir og Vignir Sveinsson.

1. Yfirlit forstöðumanna.
Inga Dalla sagði frá gangi mála í X-inu. Verkfallið hefur áhrif á aðsókn í X-ið.
Vignir hafði svipaða sögu af íþróttahúsinu. Húsið stendur autt fram eftir degi en tíminn notaður til málningarvinnu.
2. Aðstaða fyrir Snæfell í íþróttamiðstöðinni.
Stjórn Snæfells hefur sent inn erindi um að fá aðstöðu í íþróttamiðstöðinni fyrir fundahöld og geymslu á munum. Nefndin leggur til að Snæfelli verði veitt aðstaða í gamla lyftingasalnum.
3. Nýting á íþróttasal og umsjón með stundatöflu.
Ekkert er orðið eftir af lausum tímum í íþróttamiðstöðinni. Nefndin hvetur Grunnskólann og Snæfell til að haga stundatöflugerð þannig að húsið nýtist sem best.
Nefndin leggur til að umsjónarmaður íþróttahússins hafi yfirumsjón með stundatöfluramma í framtíðinni.
4. Rekstur íþróttavallar.
Sú hugmynd hefur komið fram að Snæfell taki að sér rekstur íþróttavallarins. Áveðið var að skoða þetta og ræða nánar við stjórn Snæfells.
5. Endurnýjun á hliðarkörfum í íþróttahúsinu.
Nefndin bendir á að endurnýja þarf körfur á hliðarvöllum og bæta þarf við 2 á miðvöll.
Áætlaður kostnaður er tæpar 3 milljónir kr.
6. Félagsaðstaða framhaldsskólanema.
Ríkharður lagði til við Ingu Döllu og Guðfinnu að gera tilraun með opið hús einu sinni í viku fyrir þennan hóp.
7. Önnur mál.
 - 7.1. Vignir ræddi um aldur afleysingabjálfa. Nefndin styður heilshugar þá ákvörðun hans að afleysingabjálfi verði að vera 18 ára eða eldri.
 - 7.2. Bæjarráð samþykkti í maí sl. að hafa sundlaugina opna framvegis á 1. maí og hvítasunnudag. Nefndin er samþykk þessu.
 - 7.3. Rætt um stéttina fyrir utan X-ið.
Það er orðið mjög aðkallandi að laga hana.

Fundi slitið kl. 18:25.

Sigurborg Sturludóttir (sign.),
Árdís L. Gísladóttir (sign.),
Vignir Sveinsson (sign.),
Guðfinna D. Arnórsdóttir (sign.).
Íhs.

Dallilja I. Steinarsdóttir (sign.),
Ríkharður Hrafncelsson (sign.),
Kristín Rut Helgadóttir (sign.),

